

# Framboð til kirkjuþings

## Auður Thorberg Jónasdóttir

7. kjördæmi

Eyjafjarðar- og Þingeyjarprófastsdæmi



Ég heiti Auður Thorberg og er Jónasdóttir, fædd árið 1979.

Ég bý í Öldu í Eyjafjarðarsveit ásamt eiginmanni mínum Óskari Þór Vilhjálmssyni og fjórum börnum okkar, Minnu Kristínu 21 árs, Lilju Karlottu 17 ára, Þórunni Kolku 8 ára og Kormáki Villa 5 ára.

Ég er ritari í sóknarnefnd Grundarsóknar í Eyjafirði og kirkjuþingfulltrúi síðan árið 2022, formaður allsherjarnefndar síðan 2023.

Ég er menntaður viðskiptafræðingur, með kennsluréttindi frá Háskólanum á Akureyri og starfa hjá Ice Fresh Seafood á Akureyri. Ég hef mikinn áhuga á félagsmálum og var formaður kvenfélagsins Hjálpin síðustu 6 ár. Ég er landsbyggðarkona í húð og hár og áhugamanneskja um kirkjuna og hennar málefni, til dæmis er aukið aðgengi að guðfræðinámi mér hugleikið.

Það að sitja á kirkjuþingi síðastliðið kjörtímabil hefur verið mjög lærdómsríkt og þroskandi fyrir mig og er ég mjög stolt af því að hafa verið kjörin fyrir 4 árum. Það sem kom mér á óvart var að styrkjast í trúnni og iðkun trúarinnar í þessari vinnu og að eflast við að stíga í pontu og segja skoðanir mínar og sjónarhorn, þó ég vissi að þau væru önnur og óvinsælli en annarra. Annað dýrmætt er að ég hef kynnst mörgu yndislegu fólk um allt land sem vinnur af heilug fyrir kirkjuna sína.

Á næsta kjörtímabili hef ég áhuga á að efla lýðræðið í kirkjunni og halda áfram með verkefnið sem fór í gang árið 2021 þegar ný þjóðkirkjulög voru samþykkt og kirkjan varð sjálf ábyrg fyrir sínum málum. Þar er mér efst á baugi að efla lýðræðið í kirkjunni og þess vegna hvet ég alla til að nýta kosningaréttinn sinn í þessum kosningum.